
Hvað er á seyði um helgina



endamörkum. Væntanlega gefur

Hestamannamót

emmtanir

ing ur á Vindheimamelum og dansleikir í
neð Árgarði, Miðgarði og Húnaveri. Inngangs-
til eyrir á hestamannamótið er 350 krónur en
æð- ókeypis yfir börn yngri en tólf ára.
á Nóg verður því um skemmtanir á Lands-
á á mótinu 1982 en auðvitað munu keppnis-
at- hestarnir draga að sér mesta athygli
ja- manna. Eru um 500 hestar skráðir í marg-
fá víslegar keppnir. Kappreiðavöllurinn á
n. Í Vindheimamelum er prýðisgóður og þar má
ök- búast við spennandi keppni. -SKJ

Öll mannleg grimmd í einum dvergi

„Ég er 26 þumlungar á hæð, vel vaxinn og svara mér prýðilega, en samt kann að vera að höfuðið sé heldur stórt í samanburði við annan vöxt. Hárið er ekki svart, heldur rauðleitt, mjög strítt og þykkt, strokið aftur frá gagnaugunum og enninu sem er mjög breitt, en ekki að sama skapi hátt. Ég er skegglaus, en að öðru leyti nákvæmlega eins og hver annar maður. Ég er sambrýndur. Sterkur er ég, einkum ef ég reiðist. Þegar okkur Jósafat var skipað að glíma liðu ekki nema tuttugu mínútur þangað til ég felldi hann á bakið og kyrkti hann. Eftir það hef ég verið eini dvergurinn við hirðina.

Þannig hljóðar upphafið að „Dvergnum" eftir Pär Lagerkvist. Málfríður Einarsdóttir hefur þýtt bókina á íslenzku og kom hún nýlega út hjá Bókaklúbbi AB.

Pär Lagerkvist fæddist 1981 í Smálöndunum í Svíþjóð. Lagerkvist var af bændum kominn en faðir hans var verkamaður. Engu að síður komst Lagerkvist til mennta og stundaði um skeið nám í háskóla. Hann var kosinn í sænsku akademíuna 1940 og hlaut nóbelsverðlaun í bókmenntum 1951. Lagerkvist var alinn upp í kristinni trú en kenningar Darwins höfðu snemma áhrif á hann. Glöggt má sjá á fyrstu ljóðabókum hans og leikritum hversu þungt honum féll harmleikur fyrstu heimsstyrjaldarinnar. Hann hafði alltaf viðbjóð á grimmd og ofbeldi en „Dvergurinn" fjallar einmitt um allt hið versta í mannskepnunni.

„Dvergurinn" kom fyrst út á sænsku árið 1944. Skáldsagan segir frá atburðum sem gerast eiga á endurreisnartímanum. Engu að síður er í bókinni fengizt við að lýsa tilfinningum og atburðum sem erindi eiga til manna á öllum tímum.

Dvergurinn sem segir söguna ber sig ævinlega ákaflega mannborlega. Illska hans er alger og á rætur sínar í smæð hans og vanmáttartilfinningu. Hegðun dvergsins snýst jafnan um það að koma illu til leiðar. Hann hikar ekki við að fremja morð og steypa fólki í glötun. Allt sem að jafnaði er talið gott og fagurt er viðbjóðslegt í augum dvergsins. Stundum er þó eins og rofi til í hugskoti hans en aldrei lengi í senn.

Dvergurinn gegnir stöðu hirðfífls hjá fursta nokkrum. Furstinn er slægvitur, grimmur og elskur að ýmsum ósóma. Alþýðan í ríki furstans er ofurseld valdi hans og líf smámennanna er herfilega aumt. Angelika dóttir furstans er ef til vill helzti fulltrúi sakleysis og góðmennsku í „Dvergnum" enda hatar dvergurinn hana meira en flesta aðra.

„Dvergurinn" er mögnuð lýsing á illsku og grimmd. Sé miðað við útlitið í heimsmálunum í dag hefur „Dvergurinn" engu tapað af gildi sínu.


Eins og vænta mátti er þýðing Málfríðar Einarsdóttur á „Dvergnum" prýðileg. Fáir Íslendingar sem drepa niður penna um þessar mundir virðast komast jafnfætis Málfríði í málsnilld.

Tveir snillingar hafa lagt hönd á plóginn þar sem „Dvergurinn" er annars vegar. Frásagnarlist Lagerkvists er hrífandi og mikill fengur að því að Málfríður skuli hafa tekið að sér þýðingu á verki hans. -SKJ



Bækur

Málfríður Einarsdóttir hefur þýtt „Dverginn" og er málið á bókinni vandað og fagurt. DV-mynd. Ragnar Th.



ÁLARA-JÚKA



Kínverskt ljóð Karls Kvarans.

Félagar í nýstofnuðu Listmálarafélagi Íslands sýna nú að Kjarvalsstöðum. Meðal þeirra sem taka þátt í sýningunni eru margir af þekktustu listmálurum landsins en félagar í listmálarafélaginu eru 21 talsins. Sýning listmálarafélagsins hefur fengið ákaflega góða dóma. Á henni er að finna olíumálverk, alkrýlmyndir og blýantsteikningar.

Sýningu listmálarafélagsins lýkur nú á sunnudagskvöld, en þangað til er hún opin frá klukkan 14 til 22.

Félagar í Listmálarafélagi Íslands eru: Ágúst Petersen, Bragi Ásgeirsson, Einar Baldvinsson, Einar Hákonarson, Einar Þorlaksson, Elías B. Halldórsson, Guðmunda Andrésdóttir, Gunnar Örn Gunnarsson, Hafsteinn Austmann, Hrólfur Sigurðsson, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Kristján Davíðsson, Sigurður Sigurðsson, Sigurður Örlygsson, Steinþór Sigurðsson, Svavar Guðnason, Valtýr Pétursson, Vilhjálmur Bergsson og Þorvaldur Skúlason. -SKJ

Rall á Húsavík

Allir bíladellumenn sem vettlingi geta valdið munu verða á Húsavík um helgina, en þar fer fram keppni í ralli og rallkrossi á vegum Bifreiðaíþróttaklúbbs Húsavíkur.

Rallkeppnin hefst klukkan 6 á laugardagsmorgun og er þetta önnur keppnin til Íslandsmeistaratitils sem haldin er á þessu ári. Hin fyrri var haldin í Borgarnesi, og sigraði Ómar Ragnarsson þar.

Að þessu sinni verður ekin um 400 kílómetra leið frá Húsavík, um Reykjaheiði, og niður að Mývatni. Áætlað er að keppninni verði lokið um klukkan 17. Um kvöldið verður ball á Hótel Húsavík, þar sem verðlaunaafhending fer fram.

Að sunnudeginum verður keppni í rallkrossi og verður það í fyrsta sinn sem keppt er í þeirri grein utan Reykjavíkursvæðisins, á móti sem gefur stig til Íslandsmeistaratitils. Norðlendingar hafa þegar tilkynnt þátttöku 10 bíla í keppninni enda er búizt við spennandi keppni. ÓEF



Dansleikur í Aratungu með Brimkló.

Á laugardagskvöldið mun hljómsveitin Brimkló skemmta liðinu sem mætir í Aratungu. Miklar mannbreytingar hafa átt sér stað í hljómsveitinni svo í dag skipa hljómsveitina: Ragnar Sigurjónsson, Haraldur Þorsteinsson, Arnar Sigurbjörnsson og Guðmundur Benediktsson.

Ert þú einmana

leitandi að lífshamingju? Biðjum fyrir fólki til frelsunar og lækningar. Hverfisgata 43, Reykjavík. Opið frá kl. 18—22, símaþjónusta 21111.

Ferðalög

Útivist

Dagsferðir sunnud. 11. júlí

a. **Kl. 8.00 Þórsmörk.** 4 tíma stanz í Mörkinni. Verð 250 kr.
b. **Kl. 13.00 Tröllafoss og nágr.** Létt ganga fyrir alla. Verð 100 kr.
c. **Kl. 13.00 Esja (Þverfellshorn),** með bezta útsýni yfir sundin blá. Verð 100 kr.
Brottför frá BSÍ, benzínsölu. Frítt f. börn m. fullorðnum. Sjáumst.


Helgarferðir 16.—18. júlí

a. **Tungufellsdalur — Línuvegur — Þjórsárdalur.** Glæný leið. Margt að skoða. Tjaldað í fallegum skógi í Tungufellsdal.
b. **Laxárgljúfur — Hrunakrókur.** Einhver fallegustu árgljúfur landsins. Stutt bakpokaferð. Göngutjöld.

Sumarleyfisferðir.

a. **Þórsmörk.** Dveljið viku í friði og ró í Básum. Ódýrasta sumarleyfið.
b. **Hornstrandir IV.** Hornvík — Reykjafjörður — Hornbjarg — Drangajökull — Bjarnarfjörður. 3 dagar í Reykjafirði.
c. **Eldgjá — Strútslaug — Þórsmörk.** 8 dagar. 26. júlí — 2. ágúst. Ný bakpokaferð. 2 hvíldardagar.
d. **Hálendishringur.** 11 dagar í ágúst.
e. **Borgarfjörður eystri — Loðmundarfjörður.** 9 dagar. 4.—12. ágúst.
Uppl. og farseðlar á skrifst., Lækjarg. 6a., s. 14606. Sjáumst.

Ferðafélagið Útivist.



Frá Ferðafélagi Íslands

Sumarleyfisferðir:

1. 16.—23. júlí (8 dagar): Lónsöræfi. Gist í tjöldum. Gönguferðir frá tjaldstað um nágrennið.
2. 16.—21. júlí (6 dagar): Landmannalaugar — Þórsmörk. Gönguferð með svefnpoka og mat. Gist í húsum.
3. 16.—21. júlí (6 dagar): Hvítárnes — Þverbrekknamúli — Hveravellir. Gönguferð. Gist í húsum.
4. 17.—23. júlí (7 dagar): Gönguferð frá Snæfelli til Lónsöræfa. Gengið með allan viðleguútbúnað.
5. 17.—25. júlí (9 dagar): Hoffellsdalur — Lónsöræfi — Víðidalur — Geithellnadalur. Gönguferð m/viðleguútbúnað. Uppselt.
6. 17.—22. júlí (6 dagar): Sprengisandur — Kjölur. Gist í húsum.
7. 23.—28. júlí (6 dagar): Landmannalaugar — Þórsmörk. Sama tilhögun og í ferð nr. 2.
8. 28. júlí — 6. ágúst (10 dagar): Nýidalur — Herðubreiðarlindir — Mývatn — Vopnafjörður — Egilsstaðir. Gist í húsum og tjöldum.

Fólk er minnt á að velja sumarleyfisferð tímanlega.
Farmiðasala og allar upplýsingar á skrifstofunni, Öldugötu 3.

Þórscafe
Staður hinna vandlátu
Dansbandið.
Diskótek.

KLÚBBURINN: Bæði á föstudags- og laugardagskvöld mun hljómsveitin Pass leika fyrir dansi en auk þess mun diskóið dynja. Klúbburinn er opinn frá kl. 11.30—3.00.
HOLLYWOOD: Dansinn dunar fram til 3 undir dúndrandi diskóteki, bæði föstudag og laugardag. Og síðpilsin sviptust....
GLÆSIBÆR: Grétar Laufdal verður í diskótekinu um helgina frá klukkan 10—03, það er diskósalur '74, tónlistin úr safni ferðadiskóteksins. Grétar býður alla velkomna og óskar gestum góðrar skemmtunar. Hljómsveitin Glæsir leikur fyrir dansi í öðrum sal hússins öll kvöld helgarinnar.
LINDARBÆR: Laugardagskvöld, gömlu dansarnir. Valgerður Þórisdóttir syngur við undirleik hljómsveitar Ruts Kr. Hannessonar.
HREYFILSSÚSIÐ: Opið laugardagskvöld, gömlu dansarnir.
HÓTEL BORG: Diskótekið Dísa sér um diskósnúninga bæði föstudags- og laugardagskvöld. Sunnudagskvöld verður hljómsveit Jóns Sigurðssonar með tónlist af vönduðu tagi sem hæfir gömlu dönsunum.
ÓÐAL: Í Óðali verður allt í gangi um helgina eins og vanalega. Í diskótekinu verða þeir Ásmundur Ásgeirsson og Dóri.
SIGTÚN: Diskótek verð ur bæði kvöldin.
SNEKKJAN: Hljómsveitin Mars mun halda uppi fjörinu á föstudags- og laugardagskvöld. Matsölustaðurinn Skútan er opin sömu kvöld.
ÞÓRSKAFFI: Þar mun dansinn duna um helgina. Á neðri hæð er diskótek en á efri hæðinni skemmtir Dansbandið gestum staðarins. Húsið opnað kl. 10.
LEIKHÚSKJALLARINN: Þar verður lokað til ágústloka.
SIGLINGAKLÚBBURINN KÓPANES, KÓPAVOGI: Bátaleiga fyrir almenning er á þriðjudögum frá kl. 16—22 og miðvikudögum frá kl. 16—20 og fimmtudaga frá kl. 16—22.


Tilkynningar

Kór Öldutúnsskóla

heldur tónleika í Norræna húsinu laugardaginn 10. júlí kl. 16.00. Á efnisskránni er fjöldi laga allt frá 16. öld til okkar daga, m.a. flytur kórinn eitt lag á kínversku, „Söng blaðberans" eftir Nie Er, og eitt verk verður frumflutt, „Dúfa á brún" eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Um miðja næstu viku heldur kórinn í tónleikaferð til Hong Kong og Kína. Stjórnandi Kórs Öldutúnsskóla er Egill Friðleifsson en undirleikari er Þorkell Sigurbjörnsson.



KÓR ÖLDUTÚNSSKÓLA



Jass í Stúdentakjallaranum

á sunnudagskvöld klukkan 21.00. Fram koma: Pétur Grétarsson, trommur, Friðrik Karlsson gítar, Tómas R. Einarsson bassi.

KFUM og KFUK:

Kaffisala verður í félagshúsinu við Holtaveg sunnudaginn 11. júlí milli klukkan 3 og 6.

Orgelleikur í Dómkirkjunni

Sunnudaginn 11. júlí kl. 18 leikur Marteinn H. Friðriksson á orgel Dómkirkjunnar í Reykjavík. Aðgangur er ókeypis.